



Ytra mat grunnskóla Grunnskólinn á Eskifirði

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Fjarðabyggð.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Hanna Hjartardóttir
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-21-3

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	8
Grunnskólinn á Eskifirði	9
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	9
Stefna skólans	9
Starfsmenn	11
Nemendur	11
Árangur náms.	11
Samræmd könnunarpróf	11
Starfstími	14
Sérfræðipjónusta	14
Niðurstöður	15
Svið I - Stjórnun	15
Fagleg forysta.	15
Stefnumótun og skipulag	17
Samskipti heimila og skóla	19
Svið II - Nám og kennsla	21
Nám og námsaðstæður	21
Þátttaka og ábyrgð nemenda	23
Námsaðlögun.	24
Svið III – Innra mat	25
Framkvæmd innra mats	25
Umbótastarf í kjölfar innra mats	27
Svið IV – Skil milli skólastiga	28
Skil milli leikskóla og grunnskóla	28
Skil milli grunnskóla og framhaldsskóla	29
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	31
Frekari greining fyrir Eskifjarðarskóla	33
Heimildir.	39

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum á Eskifirði sem fór fram á haustönn 2013. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur skil milli skólastiga.

Stjórnun.

Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti og stjórnendur leggja áherslu á sérstöðu skólans og leiðarljós þegar skólinn er kynntur. Gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólasamfélaginu og væntumþykja og virðing eru áberandi þættir í skólalífinu.

Samstarf milli annarra skólastiga er skýrt sett fram og virkt. Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Skólareglur og bekkjarreglur eru til staðar, sama gildir um forvarnaráætlun, jafnréttisáætlun og áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi og unnið er eftir þeim.

Huga þarf að því að skólanámskrá og starfsáætlun, eins og þær birtast á heimasíðu, taki á öllum þeim viðmiðum sem aðalnámskrá kveður á um. Þrátt fyrir að boðið sé upp á fjölbreyttar valgreinar þegar litið er til nemendafjölda þarf að huga að því að 8. bekkingar fái einnig notið þeirra.

Leggja þarf allar helstu áætlanir er varða stefnu, skólalífi og skólaþróun fyrir skólaráð og ráðið þarf að setja sér starfsáætlun/vinnureglur. Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir og móttökuáætlun, nýliðahandbók, fyrir nýja starfsmenn.

Nám og kennsla

Skólanámskrá Grunnskóla Eskifjarðar fyrir skólaárið 2013-2014 ásamt námsáætlunum fyrir öll námssvið er skýrt fram sett og birt á heimasíðu skólans. Skólabragur er mjög jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum í skólasamfélaginu. Árangur á samræmdum prófum sveiflast nokkuð milli ára en er oftast aðeins undir landsmeðaltali. Námsumhverfi og aðbúnaður nemenda er góður og námshvetjandi, sérstaklega í yngri deildum. Kennarar sýna góða fagþekkingu og skólinn leitast við að nýta sérþekkingu kennara í starfi. Kennslustundir eru vel skipulagðar, nemendur eru áhugasamir um nám sitt og tími í flestum tilvikum vel nýttur. Fjölbreytni í vinnubrögðum er meiri á yngri stigum en á unglíngastigi. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá nemendur sem verst eru settir og námsþörfum nemenda með sérþarfir er almennt vel sinnt. Nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á reglulegum bekkjarfundum.

Huga þarf að aukinni fjölbreytni í námi og kennslu, sérstaklega á unglíngastigi en þar er greinakennsla ríkjandi og kennsla að mestu hefðbundin. Auka þarf val nemenda um viðfangsefni og námsleiðir og leggja meiri áherslu á markvissa samvinnu nemenda. Leita þarf leiða til að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og veita þeim tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum um skólalífið á framfæri. Efla þarf notkun upplýsingatækni í öllu námi. Huga þarf að því að samræma kröfur um heimanám milli aldurstiga og í samvinnu við foreldra. Leita þarf leiða til að efla enn frekar sérfræðipjónustu sveitarfélagsins við nemendur og fjölskyldur þeirra.

Innra mat

Matsteymi er starfandi við skólann, gerð er matsáætlun til fimm ára í senn og árlega eru ritaðar matsskýrslur þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum innra mats. Æskilegt er að gera grein fyrir tilhögun innra mats í skólanámskrá og efla þátttöku starfsmanna í innra mati. Setja þarf fram skýra, tímasetta umbótaáætlun og skýr viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Skil milli skólastiga

Í skólanámskrá er ítarlega gerð grein fyrir skilum leik- og grunnskóla. Þar er verkefnið Brúum bilið sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla. Að öllu leyti er staðið vel að kynningum milli skóla og mikið samstarf eftir ákveðnu verkferli. Ætla má að það sé því tiltölulega auðvelt fyrir nemendur að fara á milli skólastiga og góðar upplýsingar fyrir viðtökukennara til að einstaklingsmiða nám hvers og eins. Meðal annars eru allir nýnemar með „skólavin“ sem þeir hafa kynnst á síðasta ári leikskólans.

Í skólanámskrá er einnig gerð grein fyrir skilum milli grunn- og framhaldsskóla. Mesta samstarfið er við Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólann á Egilsstöðum vegna nágrennis en auk þess geta nemendur tekið framhaldsskólaáfanga samhliða grunnskólanámi frá öðrum skólum. Nemendur í elstu bekkjum fá náms- og starfsfræðslu sem auðveldar þeim að velja framhaldsskóla. Gerð er tilfærsluáætlun fyrir þá nemendur sem notið hafa sérúrræða í grunnskóla og þeim fylgt vel eftir.

Æskilegt væri að gera kennurum unglíngastígs kleift að kynna sér nám á framhaldsskólástigi t.d. með sameiginlegum, árlegum fundum kennara þessara tveggja stiga.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Grunnskólanum á Eskifirði. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi 7. – 9. október, 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Grunnskólanum á Eskifirði voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skil milli skólastiga. Síðasttaldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla, 2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats er viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var: *skil milli skólastiga*. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 2011 og greinasviðum 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4 þar sem getið er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sex ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneyti lét fara fram árin 2003 og 2009 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins árið 2003 teljast sjálfsmatsaðferðir skólans *fullnægjandi* og framkvæmd sjálfsmatsins taldist *fullnægjandi að hluta*. Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins árið 2009 töldust sjálfsmatsaðferðir skólans *ófullnægjandi*.

Fundur var haldinn 18. september 2013 með forstöðumanni Skólaskrifstofu Austurlands, fræðslustjóra Fjarðabyggðar og formanni fræðslu- og frístundanevndar Fjarðabyggðar. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 88% kennara og einnig gafst tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, nemendum úr 4. – 10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Auk þess var sérstakt viðtal við nemendur úr nemendaráði skólans. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá voru tekin einstaklingsviðtöl við skólastjóran og aðstoðarskólastjóran. Vegna fjórða matsþáttarins, skil milli skólastiga, var sérstökum spurningum vegna hans einnig beint til allra rýnihópanna og stjórnenda.

Skólaheimsóknin stóð yfir í 3 daga (auk kynningafundar og skoðunar), þ.e. 7. – 9. október, 2013. Heimsóttar voru 13 kennslustundir hjá 14 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem; stærðfræði, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, heimilisfræði, íþróttum og ART-verkefni. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu rúmlega 80% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst var við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

1 Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um inna mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Grunnskólinn á Eskifirði

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Formlegt skólahald á Eskifirði hófst 16. janúar 1883. Var þá kennt í nýbyggðu húsi sem í dag nefnist Víðivellir. Um fimm ára skeið frá 1887 - 1892 féll starf skólans niður vegna ósamkomulags milli kaupstaðarbúa og íbúa í sveitinni um greiðslu kostnaðar. En sættir tókust að lokum um fyrirkomulag barnafræðslu og endurreistur Barna- og unglingaskóli tók til starfa 1892 í því húsi sem reist hafði verið fyrir starfseminna 10 árum áður. Upprunalega skólahúsið reyndist fljótt of lítið og var nýtt hús tekið í notkun 1910. Í því húsi var síðan kennt allt til 1985 þegar núverandi skólahús við Lambeyrarbrautina var tekið í notkun.

Með nýjum grunnskólalögum árið 1995 var kveðið á um einsetningu skóla í landinu. Því þurfti að bregðast við og 1998 var hafist handa við að breyta skólahúsinu þannig að það uppfyllti þessar nýju kröfur. Það var svo haustið 2001 sem allir nemendur gátu hafið nám á sama tíma að morgni og lokið starfi sínu fyrir á daginn. Þó var enn um að ræða bráðabirgðahúsnæði og það var ekki fyrir en árið 2005 sem lokið var að mestu við bygginguna eins og hún er í dag.

Húsnæði skólans er í ágætu ásigkomulagi. Skólastofurnar eru rúmgóðar og öll aðstaða nemenda og starfsfólks nokkuð góð, heimastofur eru 10 og sérgreinastofur 8. Einnig er hátíðarsalur, hóprými, sérkennslustofa, heilsdagsskóli, bókasafn og kennaraaðstaða í skólanum. Í skólabyggingunni er einnig starfræktur Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og er samvinna við hann mikil. Bæjarbókasafnið hefur einnig aðstöðu sína í skólahúsinu og er samnýtt með skólanum. Starfsmaður bókasafns er í 50% starfi við skólasafnið. Íþróttahús er við skólann en sundkennsla fer fram í Sundlaug Eskifjarðar og fara nemendur þangað með rútu. Heilsdagsskólinn, öðru nafni Dvölin, er með sérstaka kennslustofu og geta nemendur frá 1. - 4. bekk fengið gæslu frá kl. 12:55 – 16:30. Frá 1. október s.l. hefur elsti hópur leikskólans einnig aðstöðu í húsnæði skólans, er með sérrými á neðstu hæð skólans þar sem áður var Dvölin.

Unglingar geta sótt sitt tómstundastarf í Knelluna sem er félagsmiðstöð á Eskifirði en hún er ekki í neinum beinum tengslum við grunnskólann.

Grunnskólinn á Eskifirði hefur sterka stöðu í samfélaginu, enda eini grunnskólinn í bænum. Skólinn hefur góð gagnkvæm tengsl við félagasamtök og fyrirtæki í bænum, m.a. eiga nemendur 10. bekkjar kost á vettvangsnámi í nokkrum fyrirtækjum. Þá vinnur skólinn að ýmsum samstarfsverkefnum með stofnunum innan Fjarðabyggðar s.s. áhaldahúsinu, slökkviliði og lögreglu. Má þar nefna að lögreglan sér um umferðarfræðslu auk þess sem hún heimsækir elstu nemendurna árlega og uppfærðir þá um sakaskrá og fleira.

Stefna skólans

Skólastefna grunnskólans á Eskifirði er grundvölluð á þeim fjórum aðalþáttum, sem koma fram í merki skólans, Myllunni, þ.e. virðingu, þekkingu, færni og áræðni. Skilgreining þessara þátta er það leiðarljós og grundvöllur sem skólinn setur sér fyrir velfarnaði nemenda og árangursríku skólastarfi í heild. Í skólanámskrá skólans er skilmerkilega getið um hvað felst í hverjum þessara þátta.

Grunnskólinn á Eskifirði stefnir að því með öllu starfi sínu, í samvinnu við forráðamenn nemenda, að byggja upp sjálfstæða og heilsteypta einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Í stefnu skólans segir að öll samskipti séu byggð á gagnkvæmu trausti og umburðarlyndi og að allir hafi sama rétt, óháð kyni, aldri, fötlun og félagslegum aðstæðum. (www.grunnesk.is)

Eins og aðrir skólar í Fjarðabyggð hóf skólinn innleiðingu stefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga* árið 2010.

Helstu áherslupættir stefnunnar eru þessir:

- Byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.
- Miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga og læra af mistökum í samskiptum.
- Ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Gefur innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Þjálfar börn í að vera þau sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum.
- Ýtir undir umhyggjusamt skólasamfélag.

Samkvæmt stefnu Fjarðabyggðar hefur skólinn einnig tekið þátt í *ART-þjálfun* sem er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Meðal kennara eru 7 viðurkenndir ART-þjálfarar.

Skólinn vinnur einnig að heilsuefingu nemenda sinna í samstarfi við heimili og heilsugæslu. Markvisst er unnið gegn einelti í skólanum og er starfað eftir áætlun Olweusar gegn einelti. Teymi eru starfandi sem halda utan um áðurnefnd þróunarstörf og nú er að hefja störf stýrihópur sem mun sjá um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Sá hópur hefur sett upp áætlun sem unnið verður eftir um innleiðingu þar sem allir kennarar munu verja 60 mínútum á viku til þeirrar vinnu.

Mikið og gott samstarf er við Tónlistarskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar en nemendur grunnskólans geta sótt einkatíma í hljóðfæraleik á skólatíma grunnskólans. Samstarf er einnig um tónlistarflutning þessara skóla t.d. vegna árshátíða og annarra viðburða í skólastarfinu.

Skólinn hefur markað sér stefnu í umhverfismálum: Umhverfisstefna Grunnskólans á Eskifirði. Hún er sett fram með nokkrum áherslupunktum og unnið er eftir henni á ýmsan hátt, þó ekki sé gerð framkvæmdaáætlun árlega með mælanlegum markmiðum eins og gert var ráð fyrir. Skólinn tók þátt í verkefninu Skólar á grænni grein og fékk Grænfánann einu sinni, þ.e. árið 2008. Þá stunda nemendur skógrækt í Kolabotnum sem er skógræktarsvæði skólans.

Skólinn hefur markað sér stefnu bæði hvað varðar skil leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla. *Brúum bilið* er samstarfsverkefni við leikskólann Dalborg en Verkmenntaskóli Austurlands á Norðfirði auk Menntaskólans á Egilsstöðum eru þeir framhaldsskólar sem mest tengsl eru við.

Skólastefna Fjarðabyggðar - Fræðslu- og frístundastefna Fjarðabyggðar - er stefnumarkandi um starf grunnskóla í Fjarðabyggð. Markmiðin eru sett fram í ellefu atriðum og þeim fylgja viðmið um gæði skólastarfsins og taka þau til eftirfarandi þátta:

- Stefnumörkunar og forystu
- Lærdómsumhverfis
- Nemenda
- Mats á árangri
- Símenntunar
- Samskipta og samhugar
- Heilsuræktar
- Þemanáms
- Húsnæðis og aðstöðu

Þegar bornar eru saman stefna sveitarfélagsins og stefna skólans samrýmast þær mjög vel.

Starfsmenn

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu með 50% stjórnun, og skólaráð. Einnig starfa stigsstjórar á yngsta stigi, miðstigi og efsta stigi, þeirra hlutverk er fyrst og fremst að halda utan um fagleg málefni t.d. á fundum. Fjöldi starfsmanna við skólann er 37, þar af eru 15 kennarar (stigsstjórar þar með taldir) í 14,5 stöðugildum, einn leiðbeinandi sem kennir íþróttir og 5 stuðningsfulltrúar. Auk þessa eru námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi. Eins og fram kemur eru nánast allir kennarar menntaðir til þeirra starfa og nýtist sérhæfing þeirra vel. Af 37 starfsmönnum skólans eru 8 karlmenn eða um 28% starfsmanna. Lítil starfmannavelta hefur verið undanfarin ár, meginkjarninn hefur verið sá sami um árabíl.

Nemendur

Í skólanum eru 127 nemendur á haustönn 2013. Meðalfjöldi í bekk er 12, 7 (frá 10 - 17). Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	11	14	13	16	11	10	12	11	12	17

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er 4% eða 5 nemendur. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku eru 22 og þar af fá 11 nemendur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi (framhaldsskólastigi) eru fimm.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og gerir okkur þannig kleift að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Nýjustu niðurstöður

Frammistaða nemenda fjórða bekkjar er þó nokkuð undir landsmeðaltali á samræmdu könnunarprófi bæði í íslensku (24,66) og stærðfræði (26,14) haustið 2013. Þátttaka var 75% í íslensku (landið 94,9%) og 87,5% í stærðfræði (landið 96,3%)

Í sjöunda bekk er frammistaða nemenda einnig undir landsmeðaltali á samræmdu könnunarprófi bæði í íslensku (27,92) og stærðfræði (25,58) haustið 2013. Þátttaka var góð, 100% í íslensku (landið 95,3%) og 100% í stærðfræði (landið 95,9%).

Í 10. bekk er frammistaða nemenda á samræmdum könnunarprófum í landsmeðaltali í íslensku (30,85), þátt tóku 76,4% nemenda (landið 94,4%). Frammistaðan var undir í stærðfræði (26,62), þar sem 76,4% nemenda tók prófið (landið 94,6%) og aðeins undir í ensku (28,06) þar sem 94,1% tóku prófið sem er nálægt landsmeðalþátttöku (95,4%).

Samantekt á niðurstöðum 2007-2012**4. bekkur**

Nemendur í fjórða bekk hafa síðustu sex ár hafa verið undir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði. Þegar horft er á prófaniðurstöður þessa árgangs verður hins vegar að hafa í huga fjölda barna sem tekur próf hvert ár fyrir sig. Þegar unnið er með þetta lítið úrtak má reikna með meiri sveiflum í frammistöðu en ef um stærri hóp væri að ræða þar sem frammistaða hvers einstaklings vegur mun meira í smærri hópum. Ef hins vegar er horft á samantekt síðustu sex ára sést hvernig frammistaða árgangsins er um þremur stigum fyrir neðan landsmeðaltal.

4. bekkur		Íslenska			Stærðfræði		
Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
2007	29,71	11,84	14	29,40	10,48	15	
2008	23,36	9,60	11	25,09	11,43	11	
2009	27,69	6,59	13	26,62	8,01	13	
2010	26,73	8,55	11	27,90	8,74	10	
2011	26,14	9,25	7	29,57	8,04	7	
2012	24,00	6,08	9	22,00	12,27	10	
Öll árin	26,55	8,96	65	26,80	9,98	66	

7. bekkur

Þegar horft er á samantekt á frammistöðu nemenda í sjöunda bekk síðustu sex ára kemur í ljós að hún er í samræmi við landsmeðaltal. Þó svo að greina megi miklar sveiflur, sérstaklega í stærðfræði árið 2008 og 2010, verður líkt og áður að taka tillit til nemendafjölda árgangsins hvert ár fyrir sig en hann er það lítilt að ekki er hægt að bera hann saman við landið allt.

7. bekkur		Íslenska			Stærðfræði		
Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
2007	30,30	9,25	10	30,00	7,20	10	
2008	29,31	7,75	16	24,47	7,74	15	
2009	30,61	5,85	18	30,50	7,33	18	
2010	32,67	9,79	12	35,50	12,35	14	
2011	28,57	9,70	14	26,21	14,05	14	
2012	28,17	9,09	12	31,00	10,39	12	
Öll árin	29,91	8,32	82	29,54	10,50	83	

10.bekkur

Nemendur í tíunda bekk hafa síðustu sex árin verið undir landsmeðaltali að undanskildum árunum 2009 og 2010. Árið 2011 var frammistaða í stærðfræði tíu stigum undir landsmeðaltali og 63% nemenda var með einkunn á bilinu 1-22. Árið 2010 reyndist frammistaða í ensku um fimm stigum yfir landsmeðaltali. Enn sem áður verður þó að hafa í huga hópastærðir hvert ár fyrir sig. Þegar prófaniðurstöður síðustu sex ára eru teknar saman sést hvernig árgangurinn er undir landsmeðaltali.

10. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Ár	Meðaltal	Staðal- frávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðal- frávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðal- frávik
2007	29,18	6,93	11	25,75	7,59	12	26,77	7,28	13
2008	26,13	8,90	24	23,35	8,37	26	29,40	11,62	25
2009	30,33	10,87	12	24,67	4,96	12	29,83	5,37	12
2010	29,91	7,65	11	30,20	8,04	10	35,30	5,12	10
2011	26,84	8,69	19	19,83	9,38	18	28,61	10,54	18
2012	26,79	10,01	14	28,54	11,00	13	26,77	9,89	13
Öll árin	28,22	8,89	91	24,64	8,92	91	29,20	9,45	91

Framfarir

Framfarastuðull nemenda er reiknaður út frá einkunnum þeirra á tveimur samræmdum prófum. Þetta er gert á milli fjórða og sjöunda bekkjar annars vegar og sjöunda og tíunda bekkjar hins vegar. Þessum stuðli er ætlað að veita upplýsingar um það hvort frammistaða nemenda hafi breyst frá því hann þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum.

Framfarastuðlar nemenda í sjöunda bekk eru í samræmi við landið allt þegar kemur að íslensku en í stærðfræði sýna 21% nemenda minni framfarir en jafnaldrar þeirra á landsvísu en þetta hlutfall er venjulega í kringum 15% á landsvísu. Aftur á móti eru 17% nemenda síðustu sex ára ekki með neinn framfarastuðul í íslensku og stærðfræði en það gæti skekk niðurstöðurnar. Framfarir í íslensku í tíunda bekk eru í samræmi við landið í heild sinni en athygli vekur að einungis 1% nemenda á síðustu sex árum hefur sýnt talsvert meiri framfarir í stærðfræði en almennt gerist á landsvísu. Þetta hlutfall er venjulega í kringum 6%. Líkt og í tilfelli sjöunda bekkjar er talsvert hátt hlutfall nemenda ekki með neinn framfarastuðul í íslensku og stærðfræði eða 21%, ekki er hægt að fullyrða neitt um framfarir þessara nemenda.

Þátttaka

Þegar þátttaka nemenda í fjórða bekk er tekin saman yfir síðustu sex árin sést að 84% tóku próf í íslensku á meðan 88% tóku próf í stærðfræði. Þátttökuhlutfall á landsvísu er oftast í kringum 90%. Allir nemendur sjöunda bekkjar tóku próf í íslensku og stærðfræði árið 2012 þar sem 17% notfærðu sér stuðningsúrræði bæði í íslensku og stærðfræði en stuðningsúrræði nýttu sér um 20% nemenda á landsvísu bæði í íslensku og stærðfræði. 87% nemenda í tíunda bekk tóku próf í íslensku, stærðfræði og ensku árið 2012 þar sem 20% notfærðu sér stuðningsúrræði í öllum fögum en stuðningsúrræði nýttu sér um 18-19% á landsvísu í öllum fögum.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2013 – 2014 er árlegur skólatími 180 dagar. Kennsludagar eru 170 en af tíu öðrum skóladögum eru fimm svokallaðir „tvöfaldir dagar“ sem þýðir að þá daga er skólatími nemenda tvöfaldur. Annars vegar hefðbundinn kennsludagur og hins vegar viðburður, s.s. útilega svo og árshátíð sem tekur nokkrar klukkustundir og fer fram seinni hluta dags eða að kvöldi. Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og fræðslunefnd, en benda ber á að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sent frá sér álit dagsett 31. ágúst 2012 um mögulega útfærslu á nýtingu 10 annarra skóladaga sem ekki má ákveða nema til eins árs í einu. Bent skal á að ráðuneytið er ekki samþykkt því fyrirkomulagi sem var á framkvæmd skóladagatals skólans 2013-2014 sbr. áðurgreint álit þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Umfang forfallakennslu árið 2012 – 2013 var samtals 2295 stundir. Þar af voru 1310 vegna langtíma veikinda og þær voru allar kenndar. Af þeim sem eftir standa voru 20 % mönnum með öðrum kennurum og greitt fyrir en 80% mannaðar með gæslu.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sér sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skólaskrifstofu Austurlands og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

Í anda þessara greina er stjórnun Grunnskólans á Eskifirði. Stjórnendur leggja áherslu á virðingu og vellíðan allra nemenda og starfsmanna og samrýmist það vel stefnu Fjarðabyggðar.

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Þetta upplifðu matsmenn á vettvangi auk þess sem allir rýnihópar nefndu það. Stefna skólans er skýrt sett fram og birt á heimasíðu. Hún mótast einkum af einkunnarorðum skólans í *Myllunni og Uppeldi til ábyrgðar* og allir aðilar í rýnihópunum könnuðust við hana. Ekki voru þó einkunnarorðin ljós í hugum fólks. Stjórnandi miðlar upplýsingum um árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi, m.a. á heimasíðu.

Þó stjórnendur fylgist með námi og kennslu í gegnum kennsluáætlanir, samræður á fagfundum og þeir viðhafi stutt innlit í stofur, er ekki um reglulegar heimsóknir að ræða þar sem fram fer endurgjöf eða hvatning í kjölfarið. Þegar stjórnandi kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós. Mikið samstarf er við aðila í nærsamfélaginu og ber þar hæst samstarf við tónlistarskólann.

Styrkleikar

- Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Stefna skólans er skýrt sett fram og birtist á heimasíðu.
- Stjórnendur leggja áherslu á sérstöðu skólans og leiðarljós þegar skólinn er kynntur.
- Gott og virkt samstarf er við marga aðila í nærsamfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf með einkunnaorð skólans svo þau verði sýnilegri í vitund fólks.
- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara t.d. með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.

Stjórnun stofnunar

Starfslýsingar starfsmanna liggja fyrir í sérstökum erindisbréfum og stjórnendateymi skiptir með sér verkum og miðlar upplýsingum sín á milli. Formleg verkaskipting stjórnenda er þó ekki skráð þannig að hún sé sýnileg starfsfólki dags daglega. Skipurit liggur fyrir en það endurspeglar ekki alveg gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum (hvað varðar aðstoðarskólastjóra, bókavörð og námsráðgjafa). Fyrir liggur skráning á menntun og sérhæfingu kennara og þrátt fyrir fremur fámennan skóla er skipan kennslu þannig að menntun og sérhæfing kennara nýtist ágætlega. Starfsþróunarsamtöl eru reglulega fyrir starfsmenn og þar veita stjórnendur starfsfólki m.a. endurgjöf fyrir vel unnin störf. Viðamikil

jafnréttisáætlun til ársins 2015er til staðar sem rímar vel við jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun, m.a. eru ákveðnar reglur um upplýsingagjöf varðandi nemendur og allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn á vegum sveitarfélagsins Fjarðabyggðar er til og stuttlega er rætt um móttöku nýrra starfsmanna í Starfsmannahandbók. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir. Þar er þó oft um að ræða reglur sem sveitarfélagið setur sér fyrir allar sínar stofnanir.

Styrkleikar

- Starfslýsingar starfsmanna liggja fyrir ásamt skráningu á menntun og sérhæfingu.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg og menntun og sérhæfing starfsfólks nýtist vel.
- Jafnréttisáætlun liggur fyrir.
- Unnið er eftir verklagsreglum varðandi vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf skipurit m.t.t. gildandi fyrirkomulags stjórnunar.
- Huga þarf að reglum um ágreiningsmál og eineltismál í starfsmannahópnum, e.t.v. í samvinnu við sveitarfélög og aðra skóla.

Faglegt samstarf

Í stefnu skólans *Uppeldi til ábyrgðar* kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs. Þetta kemur m.a. fram í bekkjarsáttmálum sem kennarar og nemendur vinna að sameiginlega. Í rýnihópum kom einnig fram að starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og tekið er tillit til þeirra.

Samstarf hagsmunaaðila einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Fundaáætlun fyrir skólaárið liggur fyrir og nær til alls starfsfólks. Fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru aðgengilegar. Þarna er um að ræða starfsmannafundi, kennarafundi, fundi stuðningsfulltrúa og sérkennara/umsjónarkennara auk vinnufunda teyma. Samskipti við önnur skólastig og grenndarsamfélagið eru regluleg og skráð. Hæst ber þar gott skipulag og samstarf milli leik- og grunnskóla.

Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla en þó er mismunandi eftir stigum hversu mikið samstarf fer fram. Í rýnihópi kennara kom fram að hugsanlega mætti auka þennan þátt.

Styrkleikar

- Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólasamfélaginu.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru í heiðri höfð.
- Fundaáætlun fyrir allt starfsfólk og fundargerðir eru aðgengilegar.
- Samstarf við önnur skólastig er skýrt sett fram og virkt.

Tækifæri til umbóta

- Auka þarf möguleika til faglegs samstarfs kennara og hvetja til þess á öllum stigum.

Skólaþróun

Símenntunaráætlun tengist áherslum skólans og þar kemur fram hvernig einstaklingar sækja símenntun. Hún er í samræmi við áherslur sveitarfélagsins og aðalnámskrá. Gildir áætlunin bæði fyrir kennara og annað starfsfólk.

Ákveðinn aðili ber ábyrgð á framkvæmd innra mats en ekki er til sérstök umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans og því ekki hægt að ræða um samræmi milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla.

Styrkleikar

- Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur skólans, sveitarfélags og aðalnámskrár og stuðlar að hvers konar endurmenntun starfsmanna.
- Ákveðið teymi ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf þróunar- og /eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans svo og innra og/eða ytra mati á starfinu (sjá einnig kaflann Innra mat bls. 25).

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá uppfyllir að mestu viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og endurspeglar áherslur í skólafestun sveitarfélagsins. Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og ýmsar aðrar upplýsingar en nokkuð vantar á að þar séu allir þættir sem aðalnámskrá kveður á um.

Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans að því marki að um hana er rætt á fundum. Hún er síðan lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. Stjórnendur hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár en ekki er um beina þátttöku allra hagsmunaaðila að ræða við þá vinnu en hún er kynnt fyrir skólaráði. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja samt stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

Skóladagatal uppfyllir ekki fyllilega viðmið mennta- og menningarmálaráðuneytis um árlegan starfstíma vegna daga sem eru taldir tvöfaldir.

Styrkleikar

- Skólanámskrá tekur á flestum þeim viðmiðum sem birt eru í aðalnámskrá og hún endurspeglar áherslur sveitarfélagsins.
- Skólaráð og skólanefnd fá starfsáætlun og skólanámskrá til umfjöllunar og staðfestingar.

Tækifæri til umbóta

- Gera starfsáætlun sem uppfyllir öll viðmið aðalnámskrár.
- Að allir hagsmunaaðilar komi að gerð skólanámskrár.
- Uppfylla viðmið um árlegan starfstíma nemenda.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Nemendahópar (árgangar) eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. Námsgreinar eru að einhverju leyti samþættar og þá helst á yngri stigum. Í útikennslu er líka lögð áhersla á samþættingu greina. Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er t.d. nýttur í náttúrufræði og samfélagsfræði þar sem ákveðin svið hafa meira vægi tímabundið. Frímínútur eru skipulagðar með hliðsjón af aldri en fremur stuttur tími gefst til að matast og hvílast í hádeginu. Frímínútum að morgni er einnig nokkuð þröngur stakkur skorinn sem gerir að verkum að tími til leikja er ekki mikill þegar frá er tekinn tíminn sem fer í að klæðast í og úr útvistarfötum.

Þrátt fyrir fámenni er boðið upp á fjölbreyttar valgreinar í 9. og 10. bekk: sjóvinnu, smíði og hönnun, textíl, upplýsingamennt, heimilisfræði og myndlist. Þá er nám nemenda utan skóla metið til valgreina óski foreldrar eftir því. Ekki er um valgreinar að ræða í 8. bekk.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er samfelldur og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Námsgreinar eru samþættar, einkum á yngri stigum.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar þegar litið er til nemendafjölda.

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf frímínútur/hvíld/útvíst m.t.t. þess að eðlilegur tími sé til leikja og útvistar í öllum bekkjum.
- Huga þarf að því að nemendur 8. bekkjar eigi kost á valgreinum.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Er það einkum gert með innleiðingu stefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga* en grundvallaratriðið í stefnunni er að kenna börnum og unglíngum sjálfstjórn og sjálfsaga á jákvæðan hátt. Skólareglur liggja fyrir í starfsáætlun skólans svo og viðurlög við agabrotum og eru nemendum kunnar. Nemendur í rýnihópi könnuðust þó ekki við að hafa tekið þátt í að móta þær. Hins vegar vita allir um bekkjarreglur sem felast í svokölluðum bekkjarsáttmála sem allir bekkir gera með sínum umsjónarkennara. Forvarnaráætlun liggur fyrir sem og verklagsreglur og viðbrögð við einelti; *Olweusaráætlun*. Sú vinna er unnin undir kjörorðinu „Einelti er ólíðandi“.

Til staðar eru upplýsingar um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. Áætlun um sérkennslu og stuðning, þ.e. hvers konar stuðningur er veittur í skólanum er til staðar en ekki sýnileg á heimasíðu/í skólanámskrá. Fyrir liggur móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku. Ekki er til sérstök áætlun fyrir nemendur með sérþarfir.

Styrkleikar

- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og farið er eftir þeim.
- Skólareglur og bekkjarreglur eru til staðar.
- Forvarnaráætlun og áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi er til staðar og unnið eftir þeim.
- Til er áætlun um kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.
- Móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur og nemendur með annað móðurmál en íslensku eru til staðar.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Hafa áætlun um sérkennslu/stuðning sýnilega t.d. á heimasíðu.
- Skoða þarf verklagsreglur við gerð skólareglna m.t.t. þess að nemendur taki þátt í gerð þeirra.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi og fulltrúar foreldra þar eiga sér bakland í foreldrafélaginu að sögn fulltrúa í rýnihópi. Skólaráð hefur fundað tvisvar til þrisvar yfir skólaárið. Það hefur þó ekki sett sér starfsáætlun eða formlegar vinnureglur t.d. hvað varðar málefni.

Fundir skólaráðs eru ekki boðaðir með dagskrá en fundargerðir ritaðar í fundargerðabók. Þær eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skóladagatal er lagt fyrir skólaráð til umsagnar en ekki er hægt að sjá að allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun séu lagðar fyrir ráðið til umsagnar.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og fundaraðstaða er fyrir foreldra til þess að hittast í skólanum. Skólastjóri fundar með foreldrafélagi ef óskað er eftir, ekki er þó um reglulega fundi að ræða.

Styrkleikar

- Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi.
- Skólaráð fundar tvisvar til þrisvar yfir skólaárið og fær skóladagatal til umsagnar.
- Foreldrafélag er starfandi og skólastjóri fundar með því þegar óskað er eftir.

Tækifæri til umbóta

- Leggja allar helstu áætlanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun fyrir skólaráð.
- Að skólaráð setji sér starfsáætlun/vinnureglur.
- Boða fundi skólaráðs með dagskrá og hafa fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Pátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla. Það er m.a. gert með samtali strax í upphafi skólaárs milli nemenda, foreldra og umsjónarkennara. Þá fá foreldrar 1. bekkinga sérstaka fræðslu sem lýtur að öllu skólastarfi. Skipulegar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu. Má þar nefna heimsóknir í lok þemadaga, árs hátíð, ýmsar bekkjarskemmtanir og fræðslufundi t.d. um einhverfu og ADHD.

Reglubundnar upplýsingar eru sendar foreldrum um skólastarfið, má þar nefna vikulegan póst þar sem farið er yfir liðna viku auk þess að minna á það sem framundan er. Auk þess eru tölvupóstur, töskupóstur og Mentor samskiptamiðlar milli skóla og heimila.

Foreldrar eru ævinlega velkomnir í skólann og þeim er ljóst hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða vilja koma ábendingum á framfæri. Ekki er markvisst leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara en á þessu skólaári mun könnun verða lögð fyrir foreldra um ýmis málefni.

Styrkleikar

- Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfi t.d. með samtölum í byrjun skólaárs.
- Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra t.d. með vikulegum póstum til allra.
- Skipulegar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að markvissari ferlum til að leita eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi, t.d. skólaþing eða opnir fundir.

Svið II - Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólanámskrá Grunnskóla Eskifjarðar er skýrt fram sett og hún er birt á heimasíðu skólans. Í henni kemur fram að meðal annars er byggt á skólastefnu Fjarðabyggðar. Í námskránni kemur fram að hópur innan skólans vinnur nú í vetur að endurskoðun og aðlögun að nýrri aðalnámskrá 2011. Gerð er grein fyrir námsmati í kennsluáætlunum sem birtar eru á heimasíðu. Þar kemur fram að námsmat er fjölbreytt, leiðsagnarmat, símat og jafningjamat er meðal þess sem þar er nefnt. Kennarar í rýnihópi staðfesta að námsmat sé fjölbreytt og einnig að einhverju leyti samræmt milli kennara hvernig að því er staðið. Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir fer skólastjóri yfir þær með kennurum og ræðir hvernig nýta megi þær til að bæta skólastarf.

Árangur nemenda á samræmdum prófum í 4. bekk hefur sl. sex ár verið undir landsmeðaltali, um landsmeðaltali í 7. bekk en undir meðaltali í 10. bekk. Framfarastuðlar eru svipaðir í 7. og 10. bekk og á landsvísu að meðaltali, en hluti námshópsins er ekki með framfarastuðul sem getur skekkt þá mynd.

Árangur nemenda í Grunnskóla Eskifjarðar í PISA sem er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda hefur verið nálægt landsmeðaltali í lesskilningi og læsi á náttúrufræði en nokkuð undir landsmeðaltali í stærðfræði. Þetta á við um árin 2006 og 2009. Samkvæmt ákvörðun Námsmatsstofnunar verða niðurstöður fyrir PISA 2012 einungis birtar fyrir skóla með 25 eða fleiri nemendur í árgangi.

Bæði í samræmdum prófum og í PISA sveiflast meðaltalsárangur nokkuð milli ára enda eru nemendur fáir flest árin og hver einstaklingur hefur því mikil áhrif á heildarútkomu.

Í sjálfsmatsskýrslu 2012 - 2013 er lögð áhersla á að efla þurfi líðan nemenda í kjölfar niðurstaðna úr könnun í Skólalámskrá í apríl 2013. Í samtali við rýnihóp nemenda kom þó fram að þeir segja einelti fara minnkandi og að strangt sé tekið á því, „málið tekið fyrir og tekið í taumana“.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er skýrt fram sett og birt á heimasíðu.
- Námsmat er fjölbreytt.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að auka námsárangur nemenda á samræmdum prófum.
- Huga enn frekar að líðan nemenda.

Skipulag náms og námsumhverfi

Kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og allar námsgreinar eru birtar á heimasíðu og þannig aðgengilegar nemendum og foreldrum. Áætlanir, sem gilda fyrir haustönn 2013, eru byggðar á gildandi greinanámskrám aðalnámsskrár. Þar eru tilgreind viðfangsefni tímabilsins, námsgögn, ítarefni og námsmat. Kennsluáætlanirnar eru upplýsandi hvað varðar þessa þætti en þar eru ekki sett fram námsmarkmið fyrir nemendur eða viðmið um árangur. Í samskiptakerfinu Mentor er að finna námsmarkmið í íslensku, lestri og stærðfræði fyrir alla aldurshópa. Þessi markmið eru byggð á aðalnámskrá grunnskóla. Ekki eru sett fram námsmarkmið fyrir aðrar greinar.

Virkt samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla eins og kemur fram í skólanámskrá, að öðru leyti er fjallað um skil á milli skólastiga í 4. kafla skýrslunnar.

Miðað við upplýsingar í kennsluáætlunum og það sem sást í vettvangsathugunum hafa nemendur lítið val um viðfangsefni í daglegu skólastarfi, heldur er því stýrt af kennurum hvað nemendur fást við á hverjum tíma og oftast eru allir að fást við sömu eða hliðstæð verkefni.

Nemendur í 9. og 10. bekk geta valið milli sex valgreina í alls 4-5 stundir vikulega, þar af eru fjórar greinar verklegar. Einnig gefur skólinn kost á því að nemendur fái metna sem valtíma áfanga í framhaldsnámi, nám í tónlistarskóla, skipulega þátttöku í íþróttum og þátttöku í unglingastarfi slysavarnarfélaga. Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá skulu nemendur eiga kost á námi í valgreinum í alls 870 mínútur í 8.-10. bekk eða um 7 kennslustundir á hverju námsári að jafnaði. Ljóst er að skólinn uppfyllir ekki þetta ákvæði aðalnámskrár.

Námsumhverfi nemenda og aðbúnaður er almennt góður. Í yngri deildum er umhverfið sérstaklega námshvetjandi og vel útbúið, en á unglingastigi er minna lagt í umgjörð skólafarsins miðað við vettvangsathuganir.

Formleg nemendasamtöl þar sem nemandi og kennari ræða um líðan og áhuga nemenda í námi eru ekki almennt viðhöfð, en foreldrasamtöl eru reglulega með þátttöku nemenda.

Skólastjórnendur segjast leggja áherslu á heimavinnu sem lið í námi nemenda. Það er minnst á yngsta stigi en eykst síðan og kennarar nefna að breytingin geti verið mikil á milli 4. og 5. bekkjar. Nemendum á unglingastigi finnst heimavinna vera mikil. Að mati foreldra í rýnihópi er heimavinnan hæfileg. Boðið er upp á heimavinnu í vali hjá unglingunum tvo tíma á viku og í rýnihópi kemur fram að þeim finnst það góður kostur.

Styrkleikar

- Kennsluáætlanir fyrir hvern árgang og námsgrein eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Virkt samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Auka val nemenda í námi.
- Fjölga valgreinatímum í unglingadeild og bæta inn vali í 8. bekk.
- Æskilegt er að samræma kröfur um heimavinnu milli aldurstiga.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna miðað við vettvangsathuganir og skólinn leitast við að nýta sérþekkingu kennara í starfi. Námsgreinar eru ekki kenndar samþættar miðað við fyrirbyggjandi kennsluáætlanir, þó er það gert að einhverju leyti í yngri deildum að sögn kennara. Að mati kennara eru fjölbreyttari vinnubrögð á yngsta stiginu, hringekjur og hópastarf en meiri einsleitni á unglingastigi. Þar er greinakennsla ríkjandi, kennarar sérhæfðir og „við vinnum hver í sínu horni“, segir í rýnihópi þeirra, „við gætum staðið okkur betur í þessu“.

Kennslustundir eru almennt vel skipulagðar og tími í flestum tilvikum vel nýttur, en kennsluhættir voru ekki fjölbreyttir í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru í vettvangsathugunum. Oftast voru nemendur að vinna einir, hver að sínu að sama eða hliðstæðu verkefni en útfærslan var stundum mismunandi. Kennsluaðferðin spurt og spjallað er nokkuð notuð á unglingastigi, miðað við það sem sást í vettvangsathugunum, en þess ekki alltaf gætt að allir nemendur taki þátt.

Markmið kennslustunda eru yfirleitt ekki tilgreind í upphafi stundar en nemendur virðast þekkja vel þau vinnubrögð og aðferðir sem lagt er upp með. Í vettvangsathugunum mátti sjá endurgjöf til nemenda í formi hróss og hvatningar en minna sást af skriflegri endurgjöf eða leiðbeiningum um hvað má gera enn betur.

Styrkleikar

- Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna.
- Kennslustundir eru almennt vel skipulagðar og tími vel nýttur.

Tækifæri til umbóta

- Auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsleiðum.
- Leggja meiri áherslu á markvissa samvinnu nemenda.
- Gera markmið náms sýnilegri í kennslustundinni.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og eru virkir í kennslustundum. Kennsla er að því leyti hefðbundin að kennari ákveður viðfangsefni og nemendur vinna eftir fyrirætlun hans, þetta á við um alla aldurshópa eftir því sem séð varð í heimsóknum í kennslustundir. Í yngstu bekkjunum er hópnum stundum skipt upp og vinna þá hóparnir hvor að sínu verkefni undir stjórn kennara og stuðningsfulltrúa. Lítið ber á því að viðfangsefni séu valin út frá áhugasviði nemenda eða nemendur hafi val um námsleiðir eða aðferðir.

Nemendur eða kennarar notuðu almennt ekki upplýsinga- eða samskiptatækni í þeim stundum sem athugendur heimsóttu.

Styrkleikar

- Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt.

Tækifæri til umbóta

- Vinna að aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Auka val nemenda um viðfangsefni og námsleiðir.
- Nýta upplýsinga- eða samskiptatækni í námi eftir því sem við á og til að auka fjölbreytni.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Skólinn vinnur eftir *Olweusaráætlun* um aðgerðir gegn einelti, hluti af því eru reglulegir bekkjarfundir þar sem reglur eru mótaðar og leitað eftir sjónarmiðum nemenda. Þess mátti víða sjá merki í skólastofum að nemendahóparnir hafa unnið að mótun bekkjarsáttmála á haustdögum. Á bekkjarfundum eru málin rædd, segir skólastjóri, og svo koma kennararnir til okkar með þau. Að sögn kennara fá nemendur einnig tækifæri í lífsleiknitímum að þjálfast í að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Nemendur í rýnihópi eru sáttir við kennara sína „þeir eru með aga en líka góðir, gera grín og fara í fótbolta“.

Nemendafélag er starfandi við skólann og er stjórn þess lýðræðislega kosin, einn úr hverri bekkjardeild í 6.-10. bekk. Fulltrúarnir mynda nemendaráð skólans sem sér um félagslíf nemenda, böll og bíókvöld segja þau í rýnihópi og „við reynum að gera eitthvað fyrir miðstigið öðru hverju“.

Miðað við það sem fram kemur hjá nemendum hefur nemendaráðið ekki mikið að segja um námið eða fyrirkomulag skólastarfsins. Þess má þó geta að þegar aðbúnaður í skólanum var metinn í innra mati skólans á skólaárinu 2011-2012 þá var nemendaráði fengið það hlutverk að leita eftir sjónarmiðum nemenda. Einnig var leitað eftir hugmyndum nemenda í öllum árgöngum um viðfangsefni þemadaga og tókst vel til að sögn skólastjóra.

Nemendur fá ekki markvissa þjálfun í hlutverki sínu sem fulltrúar hópsins og ekki virðist vera séð til þess að allir nemendur hafi aðgang að upplýsingum frá ráðinu.

Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði sem eru þar fullgildir þátttakendur. Þeir eru valdir úr stjórn nemendafélags.

Styrkleikar

- Bekkjarfundir eru vettvangur nemenda til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendafélagið sér um félagslíf nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Leita markvisst eftir sjónarmiðum nemenda hvað varðar nám og kennslu og fyrirkomulag skólastarfs.
- Veita kjörnum fulltrúum nemenda þjálfun til að gegna hlutverki sínu.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur fá greinargóð fyrirmæli um hvað þeir eiga að læra og gera hverju sinni en námsmarkmið og tilgangur náms og kennslu eru ekki skýrt fram sett, hvorki í kennsluáætlunum fyrir önnina né í kennslustundum miðað við vettvangsathuganir. Nemendur taka almennt ekki þátt í að setja sér námsmarkmið en í sumum tilvikum eru þeir hvattir til að leggja mat á eigin árangur með sjálfsmati í lok verkefna. Með því að fylla út leiðsagnarmat í Mentor samskiptakerfi heimila og skóla fá foreldrar og nemendur tækifæri til að leggja mat á árangur og frammistöðu sína, skrá styrkleika sína og setja niður stefnu um næstu skref í námi sínu. Leiðsagnarmatið er síðan rætt í foreldraviðtali.

Foreldrar fylgjast með námsframvindu barna sinn í foreldraviðtölum sem eru regluleg og í vikubrэфum sem allir umsjónarkennarar senda í tölvupósti á föstudögum.

Styrkleikar

- Nemendur leggja í sumum tilvikum mat á eigin árangur með sjálfsmati.
- Með frammistöðumati hafa nemendur tækifæri til að leggja mat á eigin frammistöðu og setja sér stefnu í náminu.

Tækifæri til umbóta

- Leggja aukna áherslu á að kynna fyrir nemendum tilgang náms og námsmarkmið.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Lögð er áhersla á að skólinn sé án aðgreiningar og leitast við að koma til móts við þarfir nemenda, „við erum með mikla aðstoð, mikið net“, segir aðstoðarskólalæsi. Fyrst og fremst er stuðningi sinnt inni í bekk og nemendur teknir út aðeins ef nauðsyn krefur.

Námsþörfum nemenda með sérþarfir er sinnt og aðstæður og nám aðlagð að getu þeirra og þörfum. Öllum beiðnum frá foreldrum um stuðning er sinnt að mati rýnihóps. Algengast er í vettvangsathugunum að allir séu með sömu eða hliðstæð verkefni til að leysa. Skólabragur er almennt jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum nemendum og nefnd eru dæmi um að fatlaður nemandi hafi notið sín sérlega vel í skólastarfinu.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar og borin virðing fyrir nemendum.
- Námsþörfum nemenda með sérþarfir er sinnt og aðstæður og nám aðlagð að getu þeirra og þörfum.

Tækifæri til umbóta

- Koma enn betur til móts við bráðgera nemendur.

Stuðningur við nám

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og kannanir og skimanir lagðar fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda, yfirlit yfir þessar kannanir er að finna á heimasíðu skólans undir stoðþjónusta. Þar kemur einnig fram að reglulega er fylgst með framförum nemenda í lestri.

Í upplýsingum um stoðþjónustu skólans kemur fram að mat sérkennara, kennara, sálfræðinga og/eða annarra sérfræðinga, í fullu samráði við foreldra, liggur að baki ákvörðunar um sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur stuðning við nemendur, heldur utan um starf stuðningsfulltrúa og fundar með þeim. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir „þá sem verst eru staddir“ að sögn aðstoðarskólustjóra og sér deildarstjórinn um það. Námskráin er endurskoðuð reglulega á teymisfundum með þátttöku foreldra og þar fer fram samráð milli heimila og skóla.

Að mati kennara í rýnihópi þarf að bæta úrræði fyrir nemendur sem eiga við vanda að etja eða búa við erfiðar aðstæður, bæta sálfræðiþjónustu og veita meiri faglega aðstoð og stuðning til viðbótar við það sem skólinn getur veitt.

Styrkleikar

- Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og kannanir og skimanir lagðar fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.
- Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur stuðning við nemendur.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sérþarfir og þær endurskoðaðar reglulega.

Tækifæri til umbóta

- Leita eftir stuðningi til að bæta úrræði fyrir nemendur sem eiga við vanda að etja eða búa við erfiðar aðstæður.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Matsteymi er starfandi við skólann og er það skipað deildarstjóra ásamt tveimur kennurum. Í sjálfsmatsskýrslu fyrir árið 2012-2013 kemur fram að gerð er matsáætlun til fimm ára og að hún nái til allra helstu þátta í skólastarfinu. Innan þess ramma er gerð áætlun fyrir hvert skólaár og er hún birt í skýrslu ársins á undan.

Innra matið er fyrst og fremst í höndum matsteymisins sem rýnir í kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir og fer yfir gögn sem liggja fyrir. Teymið hefur í sumum tilvikum frumkvæði að því að afla gagna um einstaka matsþætti. Matsteymið kynnir niðurstöður og stendur fyrir umræðum í starfsmannahópnum í samráði við skólastjórn en að öðru leyti er þátttaka stjórnenda og starfsmanna í innra mati lítil. Í skólanámskrá er ekki að finna lýsingu á innra mati.

Lagt er mat á árangur nemenda með reglubundnum hætti og áhersla er lögð á símat.

Styrkleikar

- Matsteymi skólans er virkt og ritaðar eru árlegar matsskýrslur.
- Gerð hefur verið matsáætlun til fimm ára sem unnið er eftir og tekur til helstu þátta í skólastarfinu.
- Vel er staðið að mati á árangri nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf grein fyrir tilhögun innra mats í skólanámskrá.
- Efla þarf þátttöku starfsmanna í innra mati.

Innra mat er markmiðsbundið

Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2012-2013 er fjallað um grunnstoðir skólans sem eru virðing, þekking, færni og áræðni og birt undirmerkið hvorrar stoðar. Ekki kemur þó fram hvernig lagt er mat á markmiðin eða þær leiðir sem farnar eru til að ná þeim í skólastarfinu.

Á hverju ári er lagt mat á ákveðna þætti skólastarfsins og matsspurningar mótaðar sem leitað er svara við, en ekki hafa verið sett viðmið um þann árangur sem stefnt er að.

Styrkleikar

- Á hverju ári er lagt mat á ákveðna þætti skólastarfsins og mótaðar matsspurningar.

Tækifæri til umbóta

- Leggja mat á markmið skólastarfsins og leiðir sem farnar eru til að ná þeim.
- Móta viðmið um árangur sem stefnt er að.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Skólinn styðst aðallega við niðurstöður ytra mats, kannanir og skimanir á vegum sveitarfélagsins í innra matinu. Eineltiskönnun Olweusar er lögð til grundvallar mati á einelti og niðurstöður Skólaláupsins til að meta líðan nemenda.

Gerð var tilraun með jafningjamat kennara á kennsluháttum á skólaárinu 2011-2012. Skólastjórnendur hafa settið í tímum hjá kennurum og veitt endurgjöf.

Styrkleikar

- Fjölbreytt ytra mat er nýtt í innra mati skólans.

Tækifæri til umbóta

- Halda áfram og efla enn frekar jafningjamat kennara á námi og kennslu og mati og endurgjöf skólastjórnenda á námi og kennslu.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir eru áherslur og forgangsröðun í innra mati ákveðin af matsteyminu. Matsáætlun er gerð til fimm ára og þá eins og nú sat í matsteyminu einn úr stjórnendateymi skólans. Annað starfsfólk, nemendur og foreldrar taka ekki þátt í að móta áherslurnar né þróun og umbætur í kjölfar innra mats miðað við það sem fram kemur í rýnihópum þessara aðila. Skólaráð tekur heldur ekki þátt í innra mati eða ákvörðunum því tengdum. Aftur á móti er gagna aflað meðal allra hagsmunaaðila og með þátttöku þeirra, sem dæmi þá var nemendaráð fengið til að leggja fyrir nemendur könnun um aðbúnað skólaárið 2011-2012.

Styrkleikar

- Þegar gagna er aflað í innra mati er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila skólans.

Tækifæri til umbóta

- Leitast við að virkja foreldra, nemendur og allt starfsfólk þegar ákveðnar eru áherslur í innra mati og umbætur í kjölfar þess.
- Virkja skólaráð í ákvarðanatöku um áherslur í innra mati.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans. Þar er gerð góð grein fyrir stefnu skólans og starfsemi hans, aðferðum við framkvæmd matsins, þátttakendum og helstu niðurstöðum. Nokkuð góð grein er gerð fyrir viðmiðum sem skólinn notar við matið, sem dæmi þá er farið yfir skólanámskrá og starfsáætlun á grundvelli viðmiða sem birtast í aðalnámskrá um inntak þessara skjala. Þess er vel gætt að upplýsingar séu ekki persónugreinanlegar.

Niðurstöður innra mats eru kynntar starfsmönnum á starfsmannafundi og jafnframt rætt um umbætur. Boðað hefur verið til foreldrafunda til að kynna niðurstöður úr könnun Olweusar á einelti, en mæting stundum verið slök og þá verið gripið til þess ráðs að senda helstu niðurstöður í tölvupósti til foreldra. Ekki liggur skýrt fyrir hvernig niðurstöður innra mats eru kynntar nemendum.

Tillögur til umbóta koma frá matsteyminu og eru settar fram í lokakafla sjálfsmatsskýrslu.

Styrkleikar

- Sjálfsmatsskýrsla hefur verið gerð árlega s.l. 2-3 ár og er birt á heimasíðu. Þar er gerð skýr grein fyrir aðferðum við matið og helstu niðurstöðum.

Tækifæri til umbóta

- Setja skýrari viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum þáttum matsins.
- Skýra verklag hvað varðar kynningu á niðurstöðum mats fyrir nemendum.

Innra mat er umbótamiðað

Gerð er skýr grein fyrir niðurstöðum innra og ytra mats í sjálfsmatsskýrslu, en vinna þyrfti skýrari styrk- og veikleikagreiningu einstakra þátta. Tillögur um umbætur sem settar eru fram í lokakafla skýrslunnar eru ágripskenndar og taka ekki til allra þátta sem lagt var mat á. Engin eiginleg umbótaáætlun liggur fyrir og því óljóst hver ber ábyrgð á þeim umbótum sem nefndar eru í skýrslunni. Tillögur að umbótum eru ekki tímasettar né tilgreint hvernig meta á árangur af þeim. Miðað við þær upplýsingar sem koma fram í rýnihópum er vinna við innra matið einangruð við matsteymið.

Styrkleikar

- Gerð er skýr grein fyrir niðurstöðum innra og ytra mats í sjálfsmatsskýrslu.

Tækifæri til umbóta

- Setja fram skýra, tímasetta umbótaáætlun þar sem fram kemur hver ber ábyrgð á framkvæmd hvers umbótaverkefnis og hvernig árangur þess er metinn.
- Virkja skólaráð og starfsmannahópinn til þátttöku í umbótaverkefnum.

Svið IV – Skil milli skólastiga

Þegar kom að fjórða þætti í ytra mati ákváðu yfirvöld menntamála í Fjarðabyggð og skólastjóri Grunnskólans á Eskifirði að óska eftir mati á skilum milli skólastiga.

Í aðalnámskrám leik- grunn- og framhaldsskóla kemur fram áherslan á sveigjanleika og samfellu í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Tengsl milli skólastiga skapa samfellu í námi barna og stuðla að markvissri uppbyggingu náms.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga og velferð barnsins er í brennidepli. Ætlast er til að kennarar á báðum skólastigum kynni sér nám og starfsaðferðir hvers annars með það að markmiði að börn upplifi samfellu milli leikskóla og grunnskóla. Sama gildir raunar um skil á milli grunn- og framhaldsskóla. Ætlast er til að kennarar á báðum stigum kynni sér starf hvers annars. Sveitarfélög hafa komið á samstarfi grunn- og framhaldsskóla. Það samstarf er sameiginlega á ábyrgð skólastjóra grunnskóla og skólameistara framhaldsskóla.

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþátt liggur fyrir stuttu áður en matið hefst.

Skil milli leikskóla og grunnskóla

Í skólanámskrá Grunnskólans á Eskifirði er gerð ítarleg grein fyrir skilum á milli leik- og grunnskóla. Samstarf er milli grunnskólans og leikskólans Dalborgar og unnið er eftir ákveðnu verkferli. Markmiðið er að gera færsluna úr leikskóla í grunnskóla sem auðveldasta fyrir nemendur.

Verkefnið er nefnt „Brúum bilið“ og þar er skilmerkilega tilgreint hver tilgangurinn er. Sameiginlegir fundir eru á tveggja mánaða fresti til að fylgjast með og fá yfirsýn yfir samskiptin auk þess að undirbúa gagnkvæmar heimsóknir. En auk heimsókna barnanna eru gagnkvæmar heimsóknir kennaranna.

Samskiptin eru skilgreind og tímasett allt síðasta ár nemenda í leikskóla. Ýmist er farið í heimsókn í grunnskólann til að taka þátt í sérgreinatímum t.d. íþróttum, smíðum og heimilisfræði eða tekið þátt í viðburðum í starfi grunnskólans. Það er leikskólakennari sem fylgir leikskólabörnunum í gegnum allt ferlið. Auk þess fara grunnskólabörnin í 1. bekk í heimsókn í leikskólann.

Þegar líður að lokum skólaársins er komið á svokölluðum „skólavinum“ en þá fá verðandi 1. bekkingar grunnskólans skólavini í 3. bekk sem verða síðan stuðningsaðilar þeirra um haustið .

Í lok skólaárs er skilafundur þar sem farið er yfir heftið „Frá leikskóla til grunnskóla“ sem inniheldur grunnupplýsingar um hvert barn og skipst er á upplýsingum um námsefni og markmið. Þannig fylgja sem gleggstar upplýsingar nemendum í grunnskólann og kennarar nýta sér upplýsingar um stöðu nemenda af fyrra skólastigi við skipulag náms og kennslu (einstaklingsmiðun). Foreldrar hafa vitneskju um allt þetta ferli.

Eftir margar stuttar áðurnefndar heimsóknir um veturinn eru leikskólabörnin einn dag í grunnskólanum og kynna sér starfsvettvanginn sem bíður þeirra að hausti. Þar á meðal fá þau að vera með sínum „skólavini“.

Í lögum er gert ráð fyrir að nemendur geti hafið nám í grunnskóla ári áður en venja er til, þ.e. á því almanaksári sem nemandi nær 5 ára aldri. Í grunnskólanum á Eskifirði man skólastjórinn eftir einni slíkri beiðni. Þá var haft samband við sérfræðiþjónustu hjá Skólaskrifstofu Austurlands sem kannaði málið og niðurstöður þeirrar athugunar bentu til þess að slíkt væri ekki æskilegt. Allir aðilar voru sammála um að farið yrði eftir þeirri niðurstöðu.

Nokkru eftir skólabyrjun 2013 – 2014 ákváðu yfirvöld skólamála í Fjarðabyggð að flytja elsta árgang leikskólans yfir í grunnskólahúsnæði. Það tók gildi þann 1. október 2013 og því er ekki komin reynsla á það samstarf enn sem komið er. Ætla má að það verkferli sem *Brúum bilið* gerir ráð fyrir, muni að einhverju leyti breytast ef sú framkvæmd verður til frambúðar.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er ítarlega gerð grein fyrir skilum leik- og grunnskóla.
- Leikskólabörn fá tækifæri til að kynnst væntanlegum grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla.
- Kennarar nýta sér upplýsingar um stöðu nemenda af fyrra skólastigi við skipulag náms og kennslu.
- Upplýsingar frá leikskóla fylgja nemendum í grunnskólann og foreldrar hafa vitneskju um þau.
- Hver verðandi nemandi í grunnskóla fær skólavin úr 3ja bekk sem verður hans stuðningsaðili þegar skólastarfið hefst.

Engin tækifæri til umbóta komu fram varðandi þennan þátt.

Skil milli grunnskóla og framhaldsskóla

Í skólanámskrá Grunnskólans á Eskifirði kemur fram að nokkur samskipti eru við framhaldsskóla, þá einkum þá sem eru nærri; Verkmenntaskóla Austurlands á Neskaupstað og Menntaskólann á Egilsstöðum.

Allir nemendur 10. bekkjar fara í heimsókn í Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólann á Egilsstöðum þar sem þeim eru kynntar námsbrautir skólanna. Einnig koma nemendur úr þessum framhaldsskólum og kynna sinn skóla. Fyrir nokkrum árum var formlegt samstarf við þessa skóla um nám í grunnskóla á framhaldsskólastigi en við niðurskurð til framhaldsskóla á árinu 2009 var því hætt. Ekki er til skráð ferli um hvernig eða hversu mikið kennarar á unglingsstigi kynna sér nám og kennslu í framhaldsskólum.

Námsráðgjafi kynnir einnig þær námsbrautir sem í boði eru í framhaldsskólum auk þess að taka alla nemendur í viðtal og bjóða upp á áhugasviðskannanir.

Nemendum sem lokið hafa grunnskólanámsefni í ákveðnum greinum gefst kostur á að taka framhaldsskólaeiningar. Getur það verið við hina ýmsu skóla en er nú mest sem fjarnám við Verslunarskóla Íslands, Fjölbautaskólann í Ármúla og Verkmenntaskólann á Akureyri. Á þessu skólaári eru 5 nemendur sem nýta sér það. Á vitnisburðablaði nemenda við lok grunnskóla eru þessar einingar/einkunnir birtar. Þá geta nemendur útskrifast úr grunnskóla fyrr en aldur þeirra segir til um. Ekki er þó mikið um að nemendur nýti sér það.

Fyrir þá nemendur sem hafa notið sérúrræða í grunnskóla er gerð tilfærsluáætlun eins og aðalnámskrá/lög kveða á um. Henni er svo gjarnan fylgt eftir með heimsókn nemandans í viðkomandi framhaldsskóla ásamt deildarstjóra, námsráðgjafa og stuðningsfulltrúa sem funda með áfangastjóra.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir skilum milli grunn- og framhaldsskóla.
- Samstarf er milli grunn- og framhaldsskóla og þá einkum nágrennskóla á Egilsstöðum og á Neskaupstað.

- Nemendur í efstu bekkjum fá náms- og starfsfræðslu sem auðveldar þeim að velja framhaldsskóla.
- Nemendur hafa tækifæri til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi samhliða námi í grunnskóla.
- Nemendur geta útskrifast úr grunnskóla fyrr en aldur þeirra segir til um.
- Gerð er tilfærsluáætlun fyrir þá nemendur sem notið hafa sérúrræða í grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf kennurum unglíngastígs kleift að kynna sér nám á framhaldsskólastigi og skrá um það ákveðið ferli. T.d. með sameiginlegum, árlegum fundum kennara þessara tveggja stiga.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni, einkum hvað varðar styrkleika. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í skólanum fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst ekki síst í jákvæðum skólabrag, væntumþykju og vellíðan í skólasamfélaginu.

Styrkleikar í stjórnun

Styrkleikar í stjórnun felast meðal annars í því að stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal starfsmanna, nemenda og foreldra og markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti þessara aðila. Stefna skólans er skýr og gildi einkunnarorða eru sjáanleg í öllu starfi skólans. Forvarnaráætlun og áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi er til staðar og unnið eftir þeim. Samstarf milli skólastiga er skýrt sett fram og virkt og mikið samstarf við tónlistarskóla. Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur skólans, sveitarfélags og aðalnámskrár.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara, t.d. með reglubundnum heimsóknum í kennslustundir.
- Endurskoða starfsáætlun svo hún uppfylli öll viðmið aðalnámskrár.
- Huga að því að allir hagsmunaaðilar komi að gerð skólanámskrár.
- Huga þarf að því að nemendur 8. bekkjar eigi kost á valgreinum.
- Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.
- Leggja allar helstu áætlanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun fyrir skólaráð.
- Boða fundi skólaráðs með dagskrá og hafa fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Styrkleikar í námi og kennslu

Styrkleikar í námi og kennslu felast meðal annars í því að kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna. Námsmat er fjölbreytt og kennsluáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar og borin er virðing fyrir nemendum. Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Auka val nemenda í námi og fjölga valgreinastundum á unglíngastigi.
- Auka fjölbreytni í kennsluháttum og námsleiðum og gera markmið náms sýnilegrí í kennslustundum.
- Leggja meiri áherslu á markvissa samvinnu nemenda.
- Vinna að aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Nýta upplýsinga- eða samskiptatækni í námi eftir því sem við á og til að auka fjölbreytni.
- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda á samræmdum prófum.
- Leita markvisst eftir sjónarmiðum nemenda hvað varðar nám og kennslu og fyrirkomulag skólustarfs.
- Leggja aukna áherslu á að kynna fyrir nemendum tilgang náms og námsmarkmið.
- Leita eftir stuðningi til að bæta úrræði fyrir nemendur sem eiga við vanda að etja eða búa við erfiðar aðstæður.

Styrkleikar í innra mati

Matsteymi er starfandi við skólann og hafa síðastliðin ár verið gerðar sjálfsmatsskýrslur þar sem gerð er skýr grein fyrir aðferðum við innra mat og helstu niðurstöðum. Þessar skýrslur eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila skólans og á hverju ári er lagt mat á ákveðna þætti skólastarfsins og mótaðar matsspurningar. Þá liggur fyrir langtímaáætlun um innra mat og er henni fylgt.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Setja fram skýra, tímasetta umbótaáætlun þar sem fram kemur hver ber ábyrgð á framkvæmd hvers umbótaverkefnis og hvernig árangur þess er metinn.
- Virkja skólaráð og starfsmannahópin til þátttöku í umbótaverkefnum.
- Efla þarf þátttöku starfsmanna í innra mati.
- Leggja mat á markmið skólastarfsins og leiðir sem farnar eru til að ná þeim.
- Leitast við að virkja foreldra, nemendur og allt starfsfólk þegar ákveðnar eru áherslur í innra mati og umbætur í kjölfar þess.
- Setja skýrari viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum þáttum matsins.

Styrkleikar varðandi skil milli skólastiga

Í skólanámskrá er gerð ítarleg grein fyrir skilum leik- og grunnskóla og einnig um samstarf og skil á milli grunn- og framhaldsskóla. Verkefnið *Brúum billið* er tímasett ferli þar sem haldið er mjög vel utan um nemendur í leikskóla sem eru væntanlegir í grunnskóla. Meðal annars er til fyrirmyndar að allir nemendur á síðasta ári í leikskóla fá „skólavin“ sér til stuðnings í upphafi skólagöngu í grunnskóla. Nemendur í elstu árgöngum fá fræðslu um hvað tekur við að loknum grunnskóla og sérstaka kynningu á framhaldsskólum í nágrenninu. Gerð er tilfærsluáætlun fyrir þá nemendur sem notið hafa sérúrræða í grunnskóla og henni fylgt vel eftir.

Tækifæri til umbóta varðandi skil milli skólastiga

- Gera þarf kennurum unglíngastígs kleift að kynna sér nám á framhaldsskólastigi og skrá um það ákveðið ferli. Til dæmis með sameiginlegum, árlegum fundum kennara þessara tveggja skólastiga.

Frekari greining fyrir Eskifjarðarskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þremur meginþáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.


Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólánámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólást. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Mat á gæðum kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda² sem metnar voru.

Kennsluhættir



Notkun upplýsingatækni


Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í tveimur kennslustundum af 14.

Kennarar nýttu ekki upplýsingatækni til kennslu í metnum stundum.


Kennsluathafnir³

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.

Samvinna og einstaklingsvinna




Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum



Hópastærðir, nemendur á kennara

Mynd 4 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



² Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda

³ Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Má bæta

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðari

Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni. Dæmi um verkefni og athafnir:

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda meðskipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur. Dæmi um verkefni og athafnir:

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsefni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni

- Úti kennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma svo þessir þræðir

Sjálfstætt nám - einstaklingsvinna


Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist dæmigerðri vinnubókavinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna. Dæmi um verkefni og athafnir:

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrunda og meta eigi nám (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

Gagnvirkt nám/samvinna – hópvinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Paravinna, hópvinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum. Dæmi um verkefni og athafnir:

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám



Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Álit, að því er tekur til skiptingar skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga. <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/grunnskolar/alit/nr/6780>
- Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Gerður G Óskarsdóttir. 2012. Skil skólastiga. *Frá Leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Háskólaútgáfan.
- Grunnskólinn á Eskifirði. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.grunnesk.is>
- Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.
- Jóhanna Einarsdóttir. 2007. *Lítill börn með skólatöskur (tengsl leikskóla og grunnskóla)*. Háskólaútgáfan.
- Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.
- Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf
- Nánari skilgreining á skóladögum í grunnskólum. <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/grunnskolar/alit/nr/7008>
- Reglugerð nr.1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>
- Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>
- Olweusaráætlun gegn einelti.. http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/530F83FBF42684B1002576F00058DD1D/Attachment/mat_a_aranrgi_af_olweusarverkefni_uttekt.pdf
- Gögn um samræmd próf og PISA niðurstöður skóla, unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

